



PGA Golfkennaraskólinn

Lokaverkefni

Vor 2015

Brottfall afreksunglinga á Norðurlandi úr golfi

Friðrik Gunnarsson

Kt. 231089-3309



Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1. Aðrar rannsóknir.....	3
2. Aðferð.....	4
3. Viðtöl	6
3.1 Kylfingur 1.....	6
3.2 Kylfingur 2.....	7
3.3 Kylfingur 3.....	8
3.4 Kylfingur 4.....	10
3.5 Kylfingur 5.....	11
4. Niðurstöður	13
4.1 Hvað er til ráða?	13
5. Heimildarskrá	16



Formáli

Ég ákvað að skrifa um brottfall barna og unglunga úr golfi á Norðurlandi. Ástæða þess er sú að mér þykir furðulegt hversu margir afreksunglingar að norðan eru á meðal þeirra bestu í sínum unglingaflokkum, en virðast bara gufa upp og ekkert sést til á GSÍ mótariðinni þegar á líður.

Margir Íslandsmeistarar unglunga, bæði í högggleik sem og í holukeppni, hafa komið frá Norðurlandi á síðustu 15 árum. Þrátt fyrir það hefur Norðurland ekki átt Íslandsmeistara í golfi síðan árið 2002, þegar Sigurpáll Geir Sveinsson varð Íslandsmeistari í þriðja sinn. Þá spilaði hann fyrir Golfklúbb Akureyrar. Heiðar Davíð Bragason varð að vísu Íslandsmeistari árið 2005 sem og Helena Árnadóttir sem vann árið 2006 og 2008, en þau eiga bæði rætur að rekja norður. Á þeim tíma spiluðu þau samt sem áður fyrir Golfklúbba á Höfuðborgarsvæðinu. Miða við allan þann fjölda af frambærilegum kylfingum sem skarað hafa fram úr á unglingastigi þótti mér afar skrítið að þurfa leita alla leið aftur til ársins 2002 til að finna síðasta Íslandsmeistara Norðurlands. Ég fór því velta fyrir mér hvort kylfingar á Norðurlandi stöðnuðu bara eftir unglingaflokka eða jafnvel hvort þeir héldu áfram í íþróttinni yfir höfuð.

Fór ég því að grennslast fyrir um gamla afrekskylfinga á Norðurlandi sem voru meðal þeirra bestu þegar ég var að spila á ungingamótariðinni og fór að velta því fyrir mér hve margir af þeim væru enn að spila. Það var sláandi hve fáir af þeim voru enn að sinna íþróttinni þrátt fyrir að hafa náð svona langt á unglingastigi. Ég velti því fyrir mér hvort það væri ekki eitthvað að þar sem flestir okkar bestu kylfinga á Norðurlandi virtust einfaldlega missa áhugann á aldrinum 17-19 ára. Það hlýtur því að vera eitthvað mynstur þarna á milli þar sem brottfallið er það mikið, ég ákvað því að hafa uppi á nokkrum kylfingum sem höfðu náð góðum árangri en hætt alltof snemma og fá þá til að hitta mig og vonandi fá einhver svör.



1. Aðrar rannsóknir

Farið var í gegnum netið og skoðaðar voru aðrar brottfallsrannsóknir úr íþróttum til að bera saman niðurstöður þeirra við rannsókn þessa sem gerð var fyrir þetta verkefni. Þær rannsóknir sem farið var í gegnum voru úr íþróttum almennt sem og sérstökum íþróttagreinum útaf fyrir sig. Sú rannsókn sem mest var leitað í er brottfallsrannsókn stúlkna úr fótbolta sem var lokaverkefni tveggja nema við Kennaraháskóla Íslands og var unnin árið 2008.

Sú rannsókn var unnin með þeim hætti að lagt var fyrir stúlkur spurningarlisti sem tók fyrir brottfall úr íþróttinni á ansi stórum skala, en niðurstöðurnar úr þeirri rannsókn er dregin fram í súluriti og hér hafa verið tekin út 6 algengustu svörin sem fengin voru út úr þessari rannsókn:

- Fékk önnur áhugamál 19,7%
- Þjálfarinn ósanngjarn 21,2%
- Lélegur andi innan liðsins 25,4%
- Missti áhugan á íþróttinni 32,4%
- Það var of mikið af æfingum 38%
- Varð fyrir meiðslum 42,3%

(Brynja Kristjánsdóttir og Kristín Brynja Gunnarsdóttir, 2008.)

Í annarri rannsókn sem gerð var í Svíþjóð um brottfall úr golfíþróttinni voru þrjár helstu ástæður brottfallsins þær að; í fyrsta lagi tók of mikinn tíma að spila golf, í öðru lagi voru félagsgjöldin í golfklúbba of há og í seinasta lagi breyting á fjölskylduaðstæðum.

Það verður gaman að sjá hvort að niðurstöður þessarra tveggja rannsókna komi til með að styðja við niðurstöður rannsóknar þessa verkefnis.



2. Aðferð

Notast verður við viðtöl sem rannsóknaraðferð við vinnslu þessa verkefnis. Fyrst var byrjað á að hafa uppi á fjórum kylfingum sem allir höfðu náð góðum árangri á unglingsárunum en hætt annað hvort á lokaárum unglingastigs eða fljótlega eftir það. Þeir voru fengnir til að hitta rannsakandann á einu af kaffihúsum bæjarins og segja frá golfferli sínum. Þeir voru fengnir til að koma í einkaviðtal, en það var gert til þess að fá skýrari svör frá hverjum og einum svo þeir væru ekki bara grípa það sem einhver annar sagði.

Ekki var notast við staðlaðan spurningalista í viðtölunum heldur við opnar spurningar. Kylfingarnir voru beðnir um að segja frá eins miklu og þeir gátu í sambandi við golfið sitt, þ.e. hvernig þeir byrjuðu, hvernig þeim gekk og af hverju þeir hættu. Leyfi var fengið hjá viðmælendum til þess að taka upp samtölin í þeim tilgangi að aðstoða við skrif og úrvinnslu niðurstaðna, til þess að reyna finna út hvort einhver ástæða væri algengari en önnur.

Eftir að rætt hafði verið við fjóra einstaklinga sem allir höfðu hætt að stunda íþróttina á unglingsárum var einn afreksunglingum Norðurlands í dag fenginn til að koma og segja frá því hvort hann fyndi fyrir einhverju álíka og hvað það væri sem héldi honum svona vel við efnið.



Brottfall afreksunglinga á Norðurlandi úr golfi



3. Viðtöl

Hér fyrir neðan verða tekin saman viðtöl við fimm kylfinga. Viðtöl verða tekin við fjóra kylfinga sem hætt hafa í íþróttinni á einhverjum tímamarki og við einn sem enn er að spila.

3.1 Kylfingur 1

Kyn: Karlmaður

Aldur: 25-30 ára

Staða: Hætti í íþróttinn árið 2009

Hann byrjaði að æfa golf árið 1999 og fór þá á golfnámskeið fyrir börn. Það var faðir hans sem fékk hann til að prufa golf þar sem faðir hans var sjálfur að spila.

Hann náði fljótt góðum tókum á íþróttinni og hafði einungis verið búinn að æfa í 2 ár þegar hann tók þátt í sinni fyrstu sveitakeppni. Þá var hann með hæstu forgjöfina af þeim sem valdir voru til að skipa sveitina og enduðu þeir uppi sem Íslandsmeistarar í sínum aldursflokki. Hann sagði að eftir þessa keppni hefði áhuginn kviknað fyrir alvöru og fór hann að æfa af meiri krafti og vera virkari í þáttöku á mótum. Hann átti marga góða hringi á mótum sem hann tók þátt í og var alltaf frekar ofarlega, þó svo hann hafi aldrei náð að verða Íslandsmeistari.

Hvað kom til að hann hætti í íþróttinni? Hann lýsti sjálfum sér sem mjög metnaðarfullum einstakling í því sem hann tæki sér fyrir hendur og mögulega hafi það verið orsökkin fyrir því að hann hætti. Hann sagði að áhuginn hefði verið til staðar og hann hefði viljað ná lengra í íþróttinni, en fannst sem þjálfarinn sýndi sér minni áhuga en þeim sem höfðu náð betri árangri á landsmótum. Það hafi því ekki skilað sér í miklum framförum hans í íþróttinni að mæta á æfingar þar sem meiri hluta kennslunnar var eytt í tvo nemendur sem höfðu náð betri árangri en hinir.

Hann ræddi þetta aldrei við þjálfarann þar sem þetta hafi verið viðkvæmt mál og sér eftir því í dag að hafa ekki gert það, því kannski hafi þjálfarinn ekki áttað sig á þessu sjálfur. Hann talaði um að honum þætti mikilvægt að þjálfarinn hefði átt koma því fram að ef þeir



hefðu einhverjar athugasemdir varðandi kennsluna gætu þeir rætt það við hann. Því það hefði kannski ekki þurft meira til þess að opna þessa umræðu og hver veit nema þetta hefði lagast.

Áhuginn fyrir því að sinna íþróttinni af krafti fór dvínandi og fór hann að sleppa því að mæta á æfingar þar sem honum fannst það ekki vera jafn gagnlegt og áður. Þetta hélt áfram á innanhússæfingum yfir vetrartímamann og fór hann þá að láta skólann sitja meira fyrir þar sem áhuginn var orðinn mjög lítill undir restina. Þegar hann lauk svo menntaskóla var áhuginn á því að æfa golf orðinn enginn og þar sem hann ákvað að flytja til Reykjavíkur til að fara í háskóla þá kom ekki til greina að finna sér nýjan golfklúbb á höfuðborgarsvæðinu til að geta æft.

Annað sem kom í ljós er að honum fyndist sem þessi íþrótt væri orðin frekar dýr þegar einstaklingur eru kominn á afreksstig, því nayðsynlegur útbúnaður er orðinn frekar dýr. Hann minntist einnig á öll ferðalögin í kringum mótin, að þegar það var allt lagt saman voru þetta mjög margir dagar og mörg ferðalög. Hann var ekki viss hvað væri þess valdandi að það gengi svona illa að fá mót norður.

Hann er þó ekki alfarið hætur í íþróttinni þar sem hann á það til að spila einn og einn hring í góðra vina hópi, en nefndi sérstaklega að það yrði aldrei meira en það.

3.2 Kyllfingur 2

Kyn: Karlmaður

Aldur: 25-30 ára

Staða: Hætti í íþróttinni árið 2007

Hann var ekki alveg viss hversu gamall hann var þegar hann byrjaði í golf, en hann byrjaði mjög ungur að slá með plastkylfum sem foreldrar hans gáfu honum og leiddi það svo til þess að hann fór að spila golf. Ungur að aldri var hann strax mjög góður og var farinn að spila bæði á unglíngamótunum sem og á nokkrum GSÍ mótum. Á þeim tíma sem hann spilaði náði hann mjög góðum árangri innan síns klúbbs sem og á landsvísu og þótti með efnilegri kyllfingum landsins.



Af hverju að hætta þegar allt gekk svona vel? Hann talaði um að líf hans var á þeim tíma nær eingöngu farið að snúast um að spila golf og vera í golfi. Það var því orðið erfitt að finna tíma til þess að eyða með vinum sínum sem ekki voru í íþróttinni þó það hafi nú verið bara hluti af því af hverju hann hætti. Hann sagði þetta hefði í raun verið margþætt, hann fann fyrir ákveðinni pressu frá golfklúbbnum sínum um að spila í stóru mótunum undir nafni klúbbsins en vildu samt sem áður ekki aðstoða við ferðkostnað. Hann talaði um að kostnaðurinn hafi verið gífurlegur þar sem golf er meira höfuðborgarvæn íþrótt heldur en landsbyggðarvæn, hvort sem það kom að landsliðsæfingum sem og mótahaldi og þar sem hann hafði ekki bílpróf þá fylgdu foreldrar hans honum eftir á þessi mót og fannst honum þetta farið að verða of dýrt. Hann var því ósáttur við það að klúbburinn væri ekki til í aðstoða aðeins við ferðakostnað, sérstaklega þar sem þeir ætluðust til þess hann myndi keppa undir þeirra nafni. Hann hafði margoft rætt við klúbbinn um að fá smá styrk til þess að auðvelda honum ferðirnar en alltaf fengið neikvæð viðbrögð.

Þessi óánægja fór að grafa undan því að hann hefði jafn gaman að sinna golfinu af svona miklum krafti og gaf hann sér því minni og minni tíma til þess að sinna því. Í kjölfar þessa kynntist hann stelpu og þar sem honum fannst margir hlutir vera ýta sér frá golfinu ákvað hann að taka sér smá pásu frá íþróttinni og skoða hvort áhuginn myndi ekki kvikna aftur eftir smá hvíld. Hann fann samt aldrei áhugann kvikna aftur svo þessi pásu varð því örlítið lengri en hann hafði ætlað í upphafi.

Hann talaði um að vinir hans hafi oft reynt að fá hann til byrja spila aftur en hann hafi aldrei fundið fyrir þeirri löngun þó svo hann geri þeim stundum til geðs að spila einn og einn hring með þeim.

3.3 Kyllingur 3

Kyn: Karlmaður

Aldur: 25-30 ára

Staða: Hætti í íþróttinni árið 2009



Hann byrjaði í golfi þegar hann var níu ára gamall, þegar faðir hans hafði dregið hann með sér á golfmót, sem fyrirtækið sem faðir hans vann hjá var að halda og þar kviknaði áhuginn á íþróttinni.

Hann sagðist aldrei hafa skarað fram úr á unglíngamótunum þó svo að hann hafi tekið þátt á þeim þá endaði hann yfirleitt fyrir miðju. Hann var mjög duglegur að æfa þegar hann var yngri en hann sagði að það hefði dregið úr því í seinni tíð. Þetta leiddi til þess að þjálfarinn sýndi honum ekki áhuga þegar hann loksins mætti á æfingar heldur sinnti frekar öllum hinum og sérstaklega þeim sem höfðu náð einhverjum árangri á mótum. Hann talaði einnig um að þegar það kom að mótum fylgdist þjálfarinn aðallega með þeim betri, á meðan restin virtist ekki þessi virði að yrða á. Hann sagðist hafa fengið meiri athygli eftir gott gengi á einu móti en það hefði bara pirrað hann meira. Hann sagði að aðrir strákar sem æfðu með honum hefðu verið á sömu skoðun um þetta mál. Honum fannst sjálf kennslan góð en vandamálið var hvernig henni var dreift. Þetta varð til þess að hann fór að mæta sjaldnar á æfingar og spila sjaldnar golf, en þess á móti var félagslífið farið að spila stærri þátt í lífi hans. Hann talaði um það hefði farið í taugarnar á þjálfaranum hans og í kjölfarið hafi þjálfarinn nær útilokað sig á æfingum sem gerði það að verkum að óþæginlegt var orðið að mæta á æfingar.

Hann talaði um áhuginn á keppnisgolfi hefði fjarað út þegar honum fannst orðið óþæginlegt að mæta á æfingar. Hann hætti því mæta á æfingar þar til það urðu þjálfara skipti einu og hálfu ári síðar, en þá fannst honum hann hafa dregist það mikið aftur úr. Hann náði ekki neinum almennilegum árangri á loka árinu í unglíngaflokkum og honum fannst hann ekki tilbúinn til þess að fara beint á GSÍ mótariðina. Þar sem það var ekkert millistig á milli þessara mótaráða og hann var kominn upp úr skipurlögðum unglíngum æfingum fannst honum ekki mikið í boði, sérstaklega þar sem það var engin ákveðin afreksstefna hjá klúbbum hans né einhverjar skipurlagaðar æfingar fyrir svokallaða meistaraflokks kylfinga. Vegna þess hve lítið var í boði fyrir hann fór áhuginn smám saman að hverfa og löngunin til að ná lengra með því. Þetta sé því ástæða þess að hann hafi í raun hætt að æfa og keppa.

Hann sagði að honum hefði aldrei þótt þetta of dýr íþrótt þrátt fyrir að þessi endalaus ferðalög suður hafi þó verið farin að pirra hann aðeins, en skaut því að í léttu gríni að GSÍ þætti greinilega svona agalega langt norður. Hann talaði um að hann hefði alltaf fengið góðan stuðning frá foreldrum sínum sem hefði gert honum kleift að stunda þessa íþrótt svona lengi,



Því án þeirra hefði hann líklega ekki getað borgað allar þessar keppnisferðir. Hann hefur oft hugsað um reyna fyrir sér aftur en hefur lítið gert í því.

3.4 Kylfingur 4

Kyn: Karlmaður

Aldur: 25-30 ára

Staða: Hætti í íþróttinni árið 2005

Hann var ekki alveg klár á því hvernig hann byrjaði eða hvenær hann fór að byrja sveifla kylfu, hann mundi þó að hann hefði oft leikið sér í golfi á einhverju túni með vini sínum sem leiddi til þess að þeir fóru saman á byrjendanámskeið.

Hann segist alltaf hafa verið meðal þeirra neðstu á sínu fyrstu mótum en hægt og rólega fór hann að enda ofar og ofar. Hann hafði gaman af því að taka þátt í mótum þó hann hafi aldrei unnið neitt á landsvísu fyrir utan sveitakeppni unglunga. Hann nefndi það sérstakleg að ekki hafi verið jafn mikið í boði fyrir þá eins og er fyrir unglunga í dag, því fyrst þegar hann var að byrja var ekki sér kennari sem sá um barna- og unglungaæfingar hjá klúbbum hans. Hann fékk þó af og til leiðsögn frá einum af betri kylfingum klúbbsins sem var annað slagið með leiðsögn fyrir almenning.

Hann vildi meina að það hefði kanski ekki verið einhver ein ástæða fyrir því að hann ákvað að hætta, en ef hann yrði benda á eitthvað eitt þá fannst honum golfið sitt ekki vera stefna þangað sem hann vildi. Getan hans var farin að staðna að hans mati og hann var dottinn upp úr unglungaflokkum og því engar skipulagðar æfingar í boði sem hann gat sótt í, þá fannst honum þetta orðið gott og ákvað því að fara að einbeita sér að einhverju öðru.

Hann talaði um golf væri ekki það dýr íþrótt ef menn væru ekki haldnir þeirri áráttu að vera endalaust að skipta út kylfum fyrir eitthvað nýrra. Hann var heldur ekki að sækja öll mót suður sem í boði voru svo það minnkaði kostnaðinn umtalsvert og þar sem hann vann á vellinum á sumrin fékk hann félagsgjöldin frí. Hann sagði það hins vegar mjög auðvelt að gera þetta að dýru sporti ef menn væru ekki skynsamir, en það væri ekki eitthvað sem hefði valdið því að hann hafi hætt.



Hann segist enn hafa áhuga á golfi og muni alltaf hafa hann, enda vinnur hann á golfvelli, hann komi þó ekki til með að reyna að koma sér í keppnisform aftur en hann geti vel hugsað sér byrja spila aftur þegar hann verður eldri.

3.5 Kyllingur 5

Kyn: Karlmaður

Aldur: 17 ára

Staða: Er enn að spila

Hann byrjaði í golfi útaf foreldrum sínum þar sem þau höfðu brennandi áhuga á íþróttinni. Þau drógu hann oft með sér þegar þau fóru að spila og leyfðu honum að slá eitt og eitt högg, en það var nóg til kveikja áhugann.

Á þeim tíma sem hann hefur verið að spila að þá hefur honum tekist að ná mjög góðum árangri á landsvísu sem og á Norðurlandi og innan síns klúbbs. Það sem heldur honum í íþróttinni er það hversu góður félagsskapur hefur myndast innan æfingahópsins sem hann tilheyrir. Hann talar um að íþróttin sé líka svo skemmtileg þar sem hún krefst mikillar einbeitingar og sé einstaklingur ekki tilbúinn til þess að leggja allt í sölurnar þá kemur hann ekki til með skora vel. Það hefur einnig hjálpað mikið til hversu mikinn áhuga fjölskylda hans hefur á íþróttinni og smitar það út frá sér. Hann spilar mikið með foreldrum sínum sér til skemmtunar.

Hann talaði um að ef það væri eitthvað sem gæti fengið hann til að hætta þá væri það ef honum fyndist hann ekki fá þau tækifæri sem hann ætti skilið að fá til þess að ná lengra, eins og t.d. val á landsliðshóp eða sveitarkeppni hjá þeim klúbbi sem hann spilar fyrir. Hann hefur einnig áhyggjur af því að staðna í getu og það færi með sálrænu hliðina á golfinu hans, eða að hann myndi lenda í einhverjum sveifluvandræðum sem yrðu til þess að geta hans færi jafnvel örlítið aftur á bak og hann gæti ekki hrist það af sér.

Honum finnst golfið ekki vera of dýr íþrótt þó hann geri sér alveg grein fyrir því að hún sé ekki ókeypis en hann hefur alltaf fengið mikinn stuðning frá foreldrum sínum og klúbburinn er farinn að veita honum styrki á stærstu mótin, sem hefur hjálpað mikið til þar



sem keppnisferðirnar eru orðnar margar yfir sumartímann. Hann segir einnig að á meðan að áhuginn er svona mikil á íþróttinni þá breytir það litlu þó langur tími líði á milli þess að hann hafi tækifæri á því að spila á GSÍ mótariðinni norðan heiða, en það hefur þó lagast undanfarin ár. Hann segir samt mikilvægt að fá þessi mót í klúbbinn sinn svo hann geti einnig keppt við andstæðingana á heimavelli en ekki alltaf á öðrum völlum.

Hann ætlar sér eins langt í golfi og hann getur og hjálpar það honum í framtíðinni, því hann er hann farinn huga að golfstyrkjum í skóla erlendis og telur það nær öruggt að hann verði í langan tíma í viðbót í keppnisgolfi.

4. Niðurstöður

Í viðtölunum sem tekin voru komu ákveðin atriði oft fram en önnur og hér fyrir neðan verða teknir saman nokkrir punktar yfir algengustu atriðin sem fram komu í rannsókninni:

- Nemendum fannst þeir ekki fá jafn mikla athygli og þeir sem voru lengra komnir og fannst því þjálfarinn ósanngjarn. Þar af leiðandi myndaðist óánægja á æfingum sem síðar leiddi til þess að margir hættu að mæta á æfingar.
- Það var of stórt stökk á milli unglingsflokka og GSÍ-mótaraðarinnar svo þeim fannst lítið í boði eftir lokaár í unglingsflokki.
- Önnur áhugamál voru tekin fram yfir golfið, svo sem skóli, vinna, félagslíf og annað.
- Mikill kostnaður, þá er verið að tala um kostnað vegna allra keppnisferðanna.
- Tók of mikinn tíma, það er segja æfingar og spil tóku of mikinn tíma svo erfiðara var að sinna öðrum áhugamálum.

Þessi atriði voru meira áberandi en önnur og þó svo að þeir hafi notað mismunandi orðalag að þá voru ástæðurnar oftast þær sömu.

Þessar niðurstöður eru í takt við þær niðurstöður sem fengust í rannsókn á brottfalli stúlkna úr fótbolta að undanskildum tveimur ástæðum; því að lélegur andi hafi verið í íþróttinni og meiðsli. Hinar ástæðurnar eru keimlíkar þeim sem ég fékk út í minni rannsókn og því tel ég greinilegt að það sé samskonar ástæður fyrir brottfalli barna/unglinga úr íþróttum sem þar með talið er golfi.

Einnig eru niðurstöður rannsóknarinnar sem gerð var í Svíþjóð á brottfalli úr golfíþróttinni svipaðar þeim sem komu fram hér fyrir ofan, þ.e. of mikill tími sem fer í íþróttina, félagsgjöld í golfklúbba of há og breyting á fjölskylduaðstæðum.

4.1 Hvað er til ráða?

Þó ekki sé til ein lausn gegn brottfalli barna/unglinga úr golfi og vandinn geti verið margvíslegur, þá eru hér eru nokkrir punktar sem vert væri að hafa í huga:



- Gera æfingar skemmtilegri og fjölbreyttari, til þess að reyna sporna við því að kylfingar fá leið á því æfa.
- Passa að ekki sé gert upp á milli iðkenda. Allir eiga að fá sama stuðning þjálfara, því væri gott að upplýsa þjálfara um að þetta sé algengara en þeir haldi og að þetta hafi gífurlega neikvæð áhrif til nemenda þeirra. Við þurfum því allir að líta í eigin barm og skoða hvort það sé ekki eitthvað sem betur mæti fara í okkar kennslu þegar kemur að þessu atriði.
- Varast þarf að ekki myndist of mikið álag hjá þeim keppendum sem skara fram úr og eru að reyna að keppa bæði á unglingsmótum og mótarið fullorðinna. Þetta atriði getur verið mikilvægt til að yfirkeyra ekki keppandann og með þeim afleiðingum að hann fái leið á íþróttinni.
- Setja ætti upp örpróf sem hvort um sig sneri að einu atriði, þ.e. eitt sem sneri að púttum, annað að vippum og það síðasta að pitchum. Þær æfingar ættu svo að vera uppi allt sumarið/árið til þess að nemendur geti komið og æft sig á markvissann hátt án þess það taki of mikinn tíma frá þeim ef svo liggur við.
- Einnig ættum við að reyna að hvetja okkar nemendur sem komnir eru á framhaldsskólaaldur að reyna að samræma golfið og skólann svo hægt sé að sinna báðu vel. Við gætum jafnvel reynt að fá skólana til að meta golfið sem einingar fyrir íþróttir ef möguleiki er á því. Það er orðið algengara að íslenskir kylfingar finni sér skóla erlendis á golfstyrk, því er mikilvægt að þjálfarar hjá golfklúbbum kynni sér þau mál vel. Þannig geta þeir veitt ungu kylfingunum gaglega aðstoða og svarað spurningum sem brenna á þeim.

Allt eru þetta punktar sem eru einhverjir geta tekið til sín og alltaf má gott bæta. Það er mikilvægt að allir taki virkann þátt í því að reyna sporna við því brottfalli sem á sér stað á unglingsárum kylfinga til þess að við getum eignast enn fleiri frambærilega kylfinga í framtíðinni.

Aðrar hugleiðingar sem gott væri að hafa í huga:

- Meiri aðstoð fyrir kylfinga frá klúbbum, bæði fjárhagslega og skipulega.
- Hugsa vel að þeim keppendum sem ekki hafa góðan stuðning frá fjölskyldu sinni. Þessi hópur er í sérstakri hættu varðandi brottfall.



- Mynda sterkt foreldra- og unglíngaráð sem heldur utan um alla sem hafa áhuga og getu til keppni.
- Einnig væri gott að auka fjölbreytni hjá þeim sem styttra eru komnir og koma á fót keppni á milli golfklúbbanna hér á Norðurlandi, þ.e. einhverskonar sveitakeppni til að unglíngarnir kynnist þessu skemmtilega keppnisformi sem sveitakeppni er.
- Að klúbbarnir ýti á þjálfara sína að sækja ýmis námskeið sem gætu nýst þeim í kennslu barna/unglinga.



5. Heimildarskrá

Brynja Kristjánsdóttir og Kristín Brynja Gunnarsdóttir. (2008). *Brottfall stúlkna úr íþróttum*.

Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/1524>